SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 29. nóvember 2011

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins

SFF þakka velferðarnefnd fyrir að senda samtökunum til umsagnar drög að framangreindu frumvarpi. Hér á eftir fara athugasemdir samtakanna um drögin.

Upphaflegt samkomulag um sértæka skuldaaðlögun, dags. 31. október 2009, var gert að frumkvæði lánveitenda á neytendamarkaði innan raða SFF sem fengu til samstarfs við sig aðra lánveitendur á neytendamarkaði svo sem Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóði. Eignaleigur og kreditkortafyrirtæki eru jafnframt aðilar að samkomulaginu. Flestir kröfuhafar á vegum hins opinbera eru á hinn bóginn ekki aðilar að samkomulaginu svo sem Lánasjóður íslenskra námsmanna, sveitarfélög, innheimtustofnun sveitarfélaga og innheimtumenn ríkissjóðs. Er það miður.

Sama dag og samkomulagið var undirritað tóku lög nr. 107/2009 gildi, sem m.a. heimila lánveitendum að eiga með sér samráð á þessum vettvangi á meðan unnið er úr skuldavanda heimilanna sem er ein af afleiðingum efnahagshrunsins. Á seinni hluta árs 2010 kom í ljós að þeir sem höfðu nýtt sér sértæka skuldaaðlögun voru miklum mun færri en vonir höfðu staðið til. Með hliðsjón af viljayfirlýsingu aðila að samkomulaginu og ríkisstjórnarinnar frá 3. desember s.l. var ákveðið að rýmka úrræðið svo fleiri ættu kost á að nýta sér það. Eftirlitsnefnd um sértæka skuldaaðlögun hefur fylgst grannt með úrvinnslu mála. Eins og fram kemur í síðustu skýrslu eftirlitnefndarinnar þá eru ekki stór atriði sem bæta þarf úr, en heilt yfir er það niðurstaðan að fjármálafyrirtæki vinna samviskusamlega eftir ákvæðum samkomulagsins. Í skýrslunni segir m.a. : „farið er eftir verklagsreglunum og lögum við afgreiðslu umsókna sem samþykktar hafa verið. Sést af gögnum málanna að starfsmenn fjármálafyrirtækjanna leggja sig fram við að leysa úr vanda lántaka með jafnræði og sanngirni að leiðarljósi.“. Nefndin setti fram gagnrýni á ýmis framkvæmdaratriði fjármálafyrirtækja í úrræðinu og er þessu frumvarpi ætlað að stuðla að því að bætt verði úr þeim.

Það er umhugsunarvert hve fáir hafa farið í gegnum sértæka skuldaaðlögun þrátt fyrir útvíkkun úrræðisins og mikilvægt að bæta þar úr. Þar þurfa fjármálafyrirtæki að horfa í eigin

barm en í þessu sambandi þarf einnig að horfa til samspils sértækrar skuldaaðlögunar og greiðsluaðlögunar, sem er lögbundið úrræði svipað sértækri skuldaaðlögun, og greina ástæður þess hversu margir sóttu um það úrræði og hvers vegna illa gengur að afgreiða þau mál hjá Umboðsmanni skuldara. Ekki er hægt að loka augunum fyrir því að sá fjöldi sem bíður úrlausnar í greiðsluskjóli hjá Umboðsmanni skuldara hefur ekki mikinn hvata til að leita annarra úrræða svo sem sértækrar skuldaaðlögunar á meðan ekki þarf að greiða af skuldum mánuðum saman í greiðsluskjóli. Fram hefur komið að hluti þeirra sem sóttu um greiðsluaðlögun á þeim tíma sem greiðsluskjól var auglýst eigi ekki heima í því úrræði af ýmsum ástæðum. Erfitt hefur verið að vinna úr þeim mikla fjölda umsókna sem hafa borist og í einhverjum tilvikum virðist vanta lagaúrræði til að vísa fólki úr úrræðinu. Halda má því fram að öfugur hvati sé í kerfinu og einhverjir kjósi heldur að vera í greiðsluskjóli frekar en að leita annarra leiða. Það kann því að vera að greiðslskjól hafi að nokkru marki snúist upp í andhverfu sína frá því að vera hugsað sem vörn fyrir fólk sem vildi aðstoð til að koma fjármálum sínum á réttan kjöl yfir í það að draga úr hvata fyrir fólk í fjárhagsvanda til að leita varanlegra lausna.

SFF telja að ekki þurfi að koma til lagabreytinga til að fá fjármálafyrirtæki til að breyta verklagi sínu til samræmis við ábendingar eftirlitsnefndarinnar. Vilji er til að fara eftir þeim. Samtökin leggja því til að ákvæði frumvarpsdraganna, að teknu tilliti til sjónarmiða aðila, verði notuð sem grundvöllur verklags sem vettvangur kröfuhafa í sértækri skuldaaðlögun komi sér saman um í samvinnu við eftirlitsnefndina. Meðfylgjandi umsögn þessari eru drög að verklagi/samningi sem SFF telja að hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki geti sammælst um. Drögin í samræmi við eftirfarandi sjónarmið SFF um einstök útfærsluatriði á 1. gr. sem eru tíunduð hér á eftir.

<u>Um 1. gr.</u>

Umsóknareyðublað aðgengilegt á heimasíðum

Í 1. mgr. 1. gr. segir: *„Umsóknareyðublað skal vera aðgengileg á heimasíðum fjármálafyrirtækja ásamt upplýsingum um þau gögn sem þurfa að fylgja.“* Orðalag ákvæðisins leggur þá skyldu á öll fjármálafyrirtæki að hafa umsókn á heimasíðu sinni, án tillits til þess hvort þau taka að sér að leiða skuldaaðlögunarferli sem umsjónaraðilar eða ekki. Sama krafa er ekki gerð til annarra aðila samkomulagsins svo sem Íbúðalánasjóðs eða lífeyrissjóða. Engin ástæða er til að aðrir en þeir sem taka við umsóknum hafi umókn á vefnum. Annað veldur ruglingi. SFF leggja því til að setningin orðist svo:

Umsóknareyðublað skal vera aðgengilegt á <u>vefsvæði fjármálafyrirtækja sem geta tekið að sér að vera umsjónaraðili í skuldaaðlögunarferli,</u> ásamt upplýsingum um þau gögn sem þurfa að fylgja umsókn.

Íslandsbanki og Arion banki hafa lýst því yfir að þeir muni setja umsóknir inn á vefi sína eins fljótt og unnt er. Umsókn um greiðslumat vegna sértækrar skuldaaðlögunar er í dag aðgengilegt á vef Landsbankans. Í umsókninni er hægt að sækja sérstaklega um sértæka skuldaaðlögun. Ekki er hægt að hlaða niður umsókninni heldur er hún send hverjum og einum skv. beiðni eftir að gengið hefur verið úr skugga um að viðkomandi sé í viðskiptum við bankann. Frumvarpið setur auknar kröfur á fjármálafyrirtæki um upplýsingagjöf til viðskiptavina vegna umsóknar um sértæka skuldaaðlögun. SFF telja þörf á að takmarka umsóknir við þá aðila sem eru með launaveltu í þeim banka/sparisjóði þar sem sótt er um

sértæka skuldaaðlögun sbr. 6. gr. samkomulagsins sem gerir ráð fyrir að sá banki þar sem lántaki er með launaveltu hjá skuli leiða skuldaaðlögunarferlið (vera umsjónaraðili). Því er nauðsynlegt að tryggja að viðskiptavinur geti ekki sótt um sértæka skuldaaðlögun hjá fleirum en einum banka. Annað myndi leiða af sér ringulreið sem erfitt yrði að vinda ofan af.

Skrifleg og rökstudd niðurstaða

a. Form og efni skriflegrar niðurstöðu

Aðildarfélög SFF telja rökrétt að sá sem óskar eftir sértækri skuldaaðlögun geti fengið rökstuðning fyrir ákvörðun fjármálafyrirtækis ef beiðni er hafnað. Mikilvægt er að lágmarka vinnu og kostnað við þetta þar sem að krafa um skriflegan rökstuðning kallar á aukna vinnu innan fjármálafyrirtækja og þar með aukinn kostnað þeirra af úrræðinu. SFF taka undir sjónarmið í greinargerð um að skriflegt svar þurfi ekki að vera langt. Í þessu sambandi er þó gerð athugasemd við ummæli í greinargerð við frumvarpið þar sem vísað er til fyrirmyndar hjá Íbúðalánasjóði um afgreiðslu umsókna. Íbúðalánasjóður tekur ekki að sér að leiða skuldaalögunarferli og afgreiðir því ekki umsóknir um sértæka skuldaaðlögun. Líklega er átt við afgreiðslu Íbúðalánasjóðs um svokallaða 110% leið.

Mögulegt er að koma á stöðluðum svörum sem studd geta verið greiðslumati frá fjármálafyrirtækjum. Svar gæti verið á fjóra vegu:

- Viðskiptavinur getur ekki greitt af 70% veðláni sbr. 11. gr. samkomulagsins.
- Viðskiptavinur hefur greiðslugetu til að greiða að skuldbindingum í dag eða eftir vægari úrræði sbr. 5. gr. samkomulagsins.
- Viðskiptavinur er með háar skuldbindingar við aðila sem standa utan samkomulagsins sbr. 4. gr. samkomulagsins.
- Viðskiptavinur fellur undir frávísunarástæður sértækrar skuldaaðlögunar (greiðsluaðlögunar) sbr. 19. gr.

Þá er mögulegt að útfæra þetta þannig að skriflegur rökstuðningur fyrir synjun verði sendur þeim sem þess óska. Slíkt er í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar um rökstuðning stjórnsýsluákvörðunar sbr. V. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

a. Þriggja vikna frestur

Í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. segir: *„Skuldari á rétt á að fá skriflega og rökstudda niðurstöðu um það hvort hann uppfylli skilyrði skuldaaðlögunar ásamt og á grundvelli ítarlegs greiðslumats innan 3 vikna.“* SFF benda á að nauðsynlegt er að mæla fyrir um hvenær fresturinn byrjar að líða og hvaða vinna þarf að fara fram innan frestsins. Gera verður þá kröfu fresturinn byrji að líða þegar umsókn berst sem er ítarlega útfyllt og undirrituð og að öll umbeðin fylgigögn fylgi með. Algengt er að mál tefjist í talsverðan tíma vegna þess að fylgigögn eða heimild til upplýsingaöflunar vantar frá umsækjanda. Ummæli í greinargerð um að gagnaöflun og vinnsla mála eigi ekki að taka langan tíma er ekki í takt við raunveruleikann. Í því samhengi er vitnað í vinnslutíma Umboðsmanns skuldara á greiðsluaðlögunarsamningum sem er nokkrir mánuðir en um mjög sambærilega vinnu er að ræða á mörgum þáttum ferilsins.

Óljóst er í ákvæðinu hvort að fjármálafyrirtæki sé skylt að rökstyðja mat sitt ef það telur að skuldari uppfylli skilyrði skuldaaðlögunar. Að mati SFF er óþarfi er að rökstyðja jákvæða niðurstöðu sérstaklega sbr. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ef niðurstaða greiðslumats/stöðumats er jákvæð telja SFF raunhæft að á þeim tímapunkti fái skuldari tilkynningu um jákvæða niðurstöðu og á þeim tíma hefjist vinna innan fyrirtækisins við að stilla upp drögum að samningi í samvinnu við skuldara. Óraunhæft er að gera ráð fyrir liggi samningur um skuldaaðlögun sem skuldari og kröfuhafar hafa tekið afstöðu til á þessum skamma tíma. Eðlilegt væri að taka þetta fram í greinargerð til að taka af allan vafa um þetta.

Samkvæmt framansögðu leggja SFF til að 1. málsl. orðist svo:
Ef umsókn er hafnað á skuldari rétt á að fá skriflegt og rökstutt svar, að undangengnu greiðslumati, um á hvaða forsendum henni er hafnað innan 3 vikna frá því að rétt útfylltri og undirritaðri umsókn hefur verið skilað til fjármálafyrirtækis ásamt öllum umbeðnum fylgigögnum. Niðurstaða greiðslumats skal fylgja svarinu.

b. Vægari úrræði sem duga tiltekin í svari

Í 2. máls. 2. mgr. 1. gr. segir: *„Sé það niðurstaða fjármálafyrirtækis að skuldari uppfylli ekki skilyrði skuldaaðlögunar heldur dugi vægari úrræði, skal koma fram í hinni skriflegu og rökstuddu niðurstöðu hvaða úrræði skuldara eru boðin í stað skuldaaðlögunar og hvernig þau teljast fullnægjandi til framtíðar til að leysa greiðsluvanda hans gagnvart öllum kröfuhöfum.“*

SFF telja óraunhæfa kröfu felast í ákvæðinu að nokkru leyti, þar sem samstarf kröfuhafa samkvæmt samkomulagi um sértæka skuldaaðlögun er eingöngu bundið við þetta tiltekna úrræði. Ef það dugir ekki þarf að leita annarra úrræða t.d. hjá Umboðsmanni skuldara. Banki eða sparisjóður sem tekur að sér að leiða skuldaaðlögunarferli getur því ekki gefið út skriflega yfirlýsingu um það hvaða skuldaúrræði hjá öðrum kröfuhöfum „teljast fullnægjandi til framtíðar til að leysa greiðsluvanda“ skuldara en reynt er við úrvinnslu máls að leiðbeina skuldara eins og hægt er um það hvaða úrræði eru í boði. Þegar vægari úrræði eru talin duga viðskiptavini er almennt um að ræða úrræði sem tekur á skuldum viðskiptavinar við viðkomandi umsjónaraðila. Þá getur umsjónaraðili eingöngu metið hvort að sértæk skuldaaðlögun er líkleg til að geta leyst úr vanda miðað við þær forsendur sem eru til staðar þegar greiðsluerfiðleikamat er framkvæmt. Helstu ástæður synjunar umsóknar um sértæka skuldaaðlögun eru tíundar í lið a.ii. hér að framan.

Samkvæmt framansögðu leggja SFF til að 2. málsl. orðist svo:
Sé það niðurstaða fjármálafyrirtækis að skuldari uppfylli ekki skilyrði skuldaaðlögunar heldur dugi vægari úrræði, skal koma fram í skriflegri og rökstuddri niðurstöðu hvaða úrræði skuldara eru boðin í stað sértækrar skuldaaðlögunar hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki ásamt tilmælum til viðskiptavinar um að leita samninga um vægari úrræði við aðra kröfuhafa þar sem leitað verði sambærilegra lausna.

c. Leiðbeining um að leita til Umboðsmanns skuldara

Í 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. er gert ráð fyrir að leiðbeina skuli skuldara um að leita til Umboðsmanns skuldara ef hvorki vægari úrræði eða sértæk skuldaaðlögun dugi. SFF telja

þetta eðlilega framkvæmd.

<u>Um 2. gr.</u>

Framlenging á starfstíma eftirlitsnefndarinnar til 31.12.2012

Samkomulag um sértæka skuldaaðlögun gildir út árið 2012 og að því leiti er rökrétt að eftirlitsnefndin starfi út þann tíma. Starf nefndarinnar hefur skipt miklu máli til að tryggja að úrræðið njóti trausts. Það verður ekki fram hjá því litið að áætlaður kosntaður upp á 50 milljónir á næsta ári er talsverður kostnaður sem sóttur er í vasa fjármálafyrirtækja sem nú sæta síaukinni skattlagningu og eftirlitskostnaði. Mikilvægt er að halda kostnaði niðri eins og kostur er. Í þessu ljósi telja SFF eðlilegt að nefndin fylgi eftir þeim breytingum á framkvæmd úrræðisins sem nú standa fyrir dyrum og starfi af fullum krafti fram á mitt næsta ár en þá hætti hún störfum eða dragi verulega úr umfangi starfsins.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.